



427. Stjórnarfundur haldinn 6. mars. 2014 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).

1. Skipan Stjórnar.

EH bauð stjórnarmenn velkoman til fundar og þá sérstaklega nýjan stjórnarmann BMB. Lagði fram tillögu um skiptingu stjórnar. KG varaformaður, ÞMK gjaldkeri, BS ritari og BI meðstjórnandi.

Samþykkt. Í varastjórn sitja SA, GA og BMB.

2. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá Helga Hólm v/ 50+ Landsmóts. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá fimleikadeild þar sem hún tilnefnir Júlíus Friðriksson í Unglingalandsmótsnefnd. *Móttekið.*

Afrit af bréfi VÍS til skattstjóra v/ breytingar á verktakamiða. *Móttekið.*

Bréf frá UMFÍ v/ umsóknar um að halda Landsmót 50+ 2016. *Móttekið.*

Bréf frá UMFÍ v/ umsóknar um að halda 20. Unglingalandsmót 2017. *Móttekið.*

Bréf frá UMFÍ v/ vinnufundar og stefnumótunar Landsmóta UMFÍ. *Móttekið.*

Bréf frá UMFÍ v/ Fjölskyldan á fjallið. *Ákveðið að tilnefna Keili.*

Bréf frá UMFÍ v/ boðunar á Starfsíþróttaping Borganesi 29. mars. *Móttekið.*

Bréf frá Ómari Braga v/ hvatningar til þátttöku á Unglingalandsmóti 2014. *Móttekið og áfram sent á stjórnir deilda.*

Bréf frá UMFÍ v/ tilkynningar á sölu á Þrastarlundi. *Móttekið.*

4. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á alla stjórnendur félagsins v/ skráningar á munum sem tilheyra félaginu og gætu verið hingað og þangað einnig ef einhverir vilja koma í nefndina.

Boðsbréf sent bæjarfulltrúum Reykjanesbæjar v/ kynningar á framtíðarsýn Keflavíkur til 2024.

5. Framtíðarsýn Keflavíkur 2014-2024.

Framtíðarnefnd Keflavíkur hefur lokið störfum og lagði framtíðarsýnina fyrir aðalfund félagsins. Umræður urðu um skýrsluna. Framtíðarsýnin samþykkt. Aðalstjórn vill þakka nefndinni fyrir vel unna skýrslu og þá sérstaklega Skúla Þ. Skúlasýni en hann stýrði nefndinni í þriðja sinni.

EH sagði frá fundi sem haldinn var með bæjarfulltrúum Reykjanesbæjar 5. mars til að kynna þeim framtíðarsýn Keflavíkur til 2024. Mættir voru frá aðalstjórn EH, KG og ÞMK og frá bæjarfulltrúum Árni Sigfússon, Böðvar Jónsson, Einar Magnússon og Kristinn Jakobsson. Friðjón Einarsson boðaði forföll, Eysteinn Eyjólfsson kvaðst vera veikur og Guðný Kristjánsdóttir vant við látin. Fundurinn var var góður og þökkuðu bæjarfulltrúar fyrir þessa vinnu sem félagið lagði í og metnað sem kemur fram í skýrslunni. *EH leggur til að framtíðarsýn Keflavíkur verði kynnt fyrir íþrótt- og tómstundaráði Reykjanesbæjar. Samþykkt.*





6. Önnur mál.

EH sagði frá að haldin yrðu tvo skyndihjálparnámskeið 10. og 12. mars.

Námskeið í Nora- skráningar- og innheimtukerfi verður 11. mars.

Fyrirhugað er að vera með námskeið í Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ.

Skipa í húsnefnd á næsta stjórnarfundum.

EH kom inná að það væri ákveðin tímamót hjá félaginu, en það eru liðin 20 ár 30. júní síðan 6 íþróttafélög sameinuðust undir merkjum Keflavíkur. **Ákveðið að skoða með að koma á degi sem gæti verið Keflavíkurdagurinn.**

Aðalfundur Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags var haldinn 24. febrúar. Sjá nánar í fundagerð aðalfundar.

Fastur fundartími ákveðinn annan hvern fimmtudag kl. 17:30

Næsti fundur er á fimmtudaginn 20. mars 2014 kl. 17:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:10

Fundinn ritaði BS

